

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1615  
komudagur 28.2.2008



NEYTENDASTOFA

27. febrúar 2007

### Minnisblað

Til: Viðskiptanefndar Alþingis

Frá: Tryggva Axelssyni, forstjóra Neytendastofu

**Efni: Lög nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins – innleiðing á tilskipun 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti**

1. Á fundi viðskiptanefndar 26. febrúar var lögð fram eftirfarandi spurning:

*Takmarkar innleiðing á tilskipun 2005/29/EB rétt löggjafarvaldsins á Íslandi til þess að setja reglur varðandi auglýsingar á óhollum mat gagnvart börnum?*

Óskað var eftir því að Neytendastofa tæki saman svar við framangreindri spurningu.

2. Meginmarkmið tilskipunar 2005/29 er að lögfasta samræmdar reglur um óréttmæta viðskiptahætti sem skaða *fjárhagslega hagsmuni neytenda*. Samræmdum texta tilskipunarinnar verður ekki breytt. Í tilskipuninni er þó að finna undanþágur sem lúta að öðrum þáttum en þeim sem miða að vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda.
3. Þannig hafa ákvæði tilskipunarinnar engin áhrif á sérreglur sem er að finna í öðrum tilskipunum varðandi heilbrigðis – og öryggisþætti vörunnar, sbr. skýrt ákvæði um þetta efni í 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Í 9.-lið í formála tilskipunarinnar kemur einnig fram að aðildarríkjunum er heimilt að viðhalda ef það á við, takmörkunum eða bönnum sem þau hafa innleitt til þess að vernda öryggi eða heilbrigði neytenda, t.d. í tengslum við áfengi, tóbak eða lyf. Hið sama gildir um bann við auglýsingum á óhollum mat sem beint væri til barna og sem kynni að verða sett hér á landi enda væri þar um að ræða bann sem ætlað væri að vernda heilbrigði neytenda en ekki fjárhagslega hagsmuni þeirra.
4. Af framansögðu er því ljóst að þó svo að ekki sé unnt að setja inn í lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum ákvæði er varða auglýsingar á óhollum mat gagnvart börnum þá getur Alþingi ákveðið að setja sérlög enda myndi þau falla utan við hið samræmda svið tilskipunarinnar um óréttmæta viðskiptahætti.